

## LISTIR

## Brothætt list

## MYNDLIST

Kjarvalsstöðum

GLERLIST  
SJÓ TÉKKNESKIR  
GLERLISTARMENN

Til 13. janúar. Opíð daglega frá kl. 10-17, miðvikudaga kl. 10-19.

GLERLIST er ekki sérlega vel kynnt listgrein hér á landi þótt tékkneskan kristal kannist flestir við sem eftirsóttá gjafavöru. Listasafn Reykjavíkur hefur nú bætt eilítið úr þessum þekkingarskorti okkar með sýningu á sjö tékkneskum listamönnum sem láta sig gleríð miklu varða. Að vísu eru þeir ekki nema sex talsins því sá sjöundi, sýningarstjórninn og safnvörðurinn Ivo Kren, sýnir dúkrísturíð á gangi Kjarvalsstaða, enda er hann grafið þótt hingað hafi hann komið sem safnvörður sérlegrar glerlistardeildar Austur-Bæheims í Pardubice – helgaðri 20. öldinni – og starfi jafnframt sem sýningarstjóri Rúbíkon-hópsins, en svo nefna listamennirnir sjö samtök sín.

Við fyrstu sýn virðist sýning Rúbíkon-hópsins lofa góðu. Verkin mæta manni með miklum glæsibrag, einstaklega faguð og margbreytileg. Til dæmis eru brædd og skorin verk Jan Exnar fádæma stílhrein og falleg. Signum hans er að öðrum verkum ólöstuðum eitthvert allra besta gleríð á sýningunni. Og þótt Bohumil Eliás verði það á í messunni að skjóta gagnslausum og klumbulegum, stjórnumulaga stöðum undir annars merkilega og liflega risaglerhjálma sína – þeir hefðu hljómað mun betur án undirstöðu – þá breytir það ekki léttleikandi útliti þeirra.

Þótt Jaroslav Matous séu nokkuð mislagðar hendur í skálum sínum á hann til spretti sem sanna ótvírætt ágæti hans sem glerlistarmanns. Sama gildir um Jaromir Rybak, barokkmanninn í hópnum, sem þrátt fyrir skrautgírni sína tekst oft að láta gleríð leika í höndum sínum. En ef til vill eru það hjónin Stanislav Libenský og Jaroslava Brychtová sem sýna okkur best hve heillandi og dulútgur miðill gleríð getur verið þegar því er stíllt fram í öllum sínum einfaldleik, án allrar tilgerðar. Yfir verkum þeirra hvílir sú sýmbólíska kyrrð sem einkenndi fremstu glerverk aldamótahéðarinnar, þar sem saman fóru náttúrulegur hrjúfleiki, ópalkenninn innri birta og ævintýrleg ljósbríði.

En hversu fögur sem þessi tékknesku glerverk í vestursal Kjarvalsstaða kunna að vera tekst Ivo Kren ekki að sannfæra okkur um það að hér sé á ferðinni annað og meira en fögur og faguð listið. Dúkrístur hans sjálfs eru jafnvel nær skrautmunum en frjálstri, sjálfsprottinni myndlist,



Glerverk á sýningu Rúbíkon-hópsins í vestursal Kjarvalsstaða.

svo mikinn dóm draga þær af bóka- og handritálýsingum. Það er því augljóst að hér er á ferðinni óvenjusterk efniskenn, án þess þó að listamennirnir losni þannig undan valdi efnivíðarins að þeir geti talist frjálstri eða óháðir listamenn. En hvaða máli skiptir það þótt sjömenningarnir nái ekki því takmarki að teljast listamenn öldungis óháðir miðli sínum?

Engu, nema vegna þess að í sýningarskrá er að fyrra bragði látið að því liggja að verkunum sé stefnt handan landamæra handverks og listiðna. Það mundi ekki vera í fyrsta, né síðasta sinn, að listiðnaðarmenn sýna á sér snöggan blett af einskærri löngun til að vera teknir fyrir annað en raun ber vitni. Nú, þegar hönnun sækir í sig veðrið sem aldrei fyrr er óþarft að reyna að telja öðrum trú um

að maður sé annað og meira en góður hönnuður, bara af því að það hljómar betur.

Á Kjarvalsstöðum er með öðrum orðum hægt að sjá glerlist eins og hún gerist best í Tékklandi. Með því er ekki sagt að listrænt gildi sýningarinnar sé af þeim skapandi toga að hún boði ný sannindi um möguleika glerlistar sem tjáningarmiðils þótt látið sé að því liggja í sýningarskrá. Öðru nær sannast það sem við höfum ávallt vitad að gler er vandmeðfarið og útheimtir ákveðna sérhæfingu sem takmarkar mjög umfang miðilsins til óheftrar tjáningar. Það er því engin ástæða til að ruglast á góðri hönnun eins og hér um ræðir, og óháðri listsköpun, eða láta sem á því tvennu sé aðeins hverfandi munur.

Halldór Björn Runólfsson

## Árið 2002 helgað varðveislumeningarminja og -erfða

SAMEINUÐU þjóðirnar hafa ákveðið að árið 2002 verði helgað varðveislumeningarverðmæta, jafnt minja sem erfða.

„Eins og kunnugt er hafa Sameinuðu þjóðirnar falið UNESCO, Menningarmálastofnun S.P., að sinna menningar-, mennta-, vísinda- og fjölmiðlamálum og er verndun og viðgangur menningararfleifðar heimsins eitt af flaggskipum UNESCO og hugsanlega það starf sem stöðugt hlýtur hvað mesta eftirtekt, eins og til dæmis heimsminjalistinn. Að undanförmu hefur verið lögð æ ríkari áhersla á þann þátt menningararfleifðar sem erfðara hefur reynt að festa hendur á, erfðir sem felast í munnlegri frásagnarhefð, þjóðsögum, dansi o.s.frv. og er í undirbúningi sáttmáli

til verndar menningararfleifð af því tagi,“ segir í fréttatilkynningu frá UNESCO nefndinni.

„Koichiro Matsuura aðalframkvæmdastjóri UNESCO hefur fagnað þeirri ákvörðun Sameinuðu þjóðanna að helga komandi ár menningararfleifðinni sem hann telur að sé eitt af stóru málunum í þeirri hnattvæðingu sem við blasir. Menn geri sér æ betur ljóst að auðlegð heimsins felist ekki síst í fjölbreytileika menningar. Við lifum á tímum þegar frekar en nokkru sinni fyrr sé nauðsyn að örva skilning og virðingu fyrir ólíkum menningarheildum. Skemmst sé að minnast þess þegar Búddhalíkneskin voru eyðilögð í Afganistan fyrr á þessu ári sem hafi verið menningarslys og víti til varnaðar.“

## KRAFTGANGA Í ÖSKJUHLÍÐ



- Frískt loft eykur ferskleika
  - Útivera eykur þol
- Alhliða líkamspjálfun jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna

Boðið verður uppá þrens konar tíma:

- A – tími fyrir byrjendur og lítt þjálfaða
- B – tími fyrir þá, sem komnir eru af stað í þjálfun
- C – tími fyrir þá, sem vanir eru líkamspjálfun

Leiðbeinendur: Unnur Jónsdóttir og Árný Helgadóttir, hjúkrunarfræðingur og íþróttþjálfari.

Skráning og upplýsingar í síma 565 8009 eða 899 8199 mánudaginn 7. janúar frá kl. 9–12 og þriðjudaginn 8. janúar frá kl. 9–12.

Dagskrá hefst mánudaginn 7. janúar samkvæmt eldra fyrirkomulagi. netfang: kraft@isl.is

Bókhalds-  
námskeið

Nokkur sæti laus á 120 stunda morgun- eða kvöldnámskeið sem hefjast 8. og 14. janúar.

hjá NTV í Kópavogi.

## Helstu námsgreinar

- ▶ Verslunarreikningur (24 stundir)
- ▶ Tvíhliða bókhald (36 stundir)
- ▶ Tölvubókhald (42 stundir)
- ▶ Launabókhald (12 stundir)
- ▶ Vsk. uppgjör og undirbúningur ársreiknings (6 stundir)

Upplýsingar og innritun í  
síma 544 4500 og á ntv.is

ntv

Nýi tölvu- &  
viðskiptaskólinnHólahrauni 2 - 220 Hafnarfirði - Sími: 555 4980  
Hlíðasmára 9 - 201 Kópavogi - Sími: 544 4500  
Eyraveggi 37 - 800 Selfossi - Sími: 482 3937  
Póstfang: skoli@ntv.is - Vefang: www.ntv.is

## ENSKA ER OKKAR MÁL



## Ensku talnámskeið

Einnig önnur

fjölbreytt enskunámskeið

Enskuskólinn nú einnig á Selfossi

Innritun  
í fullum  
gangi

Julie Ingham



Sandra Eaton



Edward Rickson



Susannah Hand



Joon Fong



Susan Taverner

Hringdu í síma  
588 0303

FAXAFENI 8

www.enskuskolinn.is  
enskuskolinn@isholf.is